


Parabær





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkin Menntamálastofnunar.

Parabær er á kafi í hafinu.
Í Parabæ er mikið af þara.
Þar búa Þura, Þóra og Þórir
sem eru vinir Kollu og Kobba.

Kolla er sæ-kýr.
Kobbi er vinur Kollu.
Kobbi og Kolla éta mikið af þara
og geta kafað og kafað.



Hvar gerist sagan? Hvað sérðu á myndinni?


Póra, Þura og Þórir tala saman.


– Ég þoli ekki hávaða og læti.

Hér í þaranum vil ég vera,
hér er ró og næði, sagði Þórir.

– Já, hér er gaman, sagði Póra.

– Í þaranum eru sæt síli, sagði Þura.

Ég sé líka kola, lúðu og humar
en sem betur fer ekki há-karl. 



– Sumir í hafinu eru vinir okkar en sumir þar eru vara-samir, sagði Þóra.

– Já, hákarl  er varasamur.

Hann getur étið okkur, sagði Þórir.

– Bátar eru líka varasamir, sagði Þóra.

– Og net eru varasöm, sagði Þórir.


– Vörum okkur, sagði Þóra.

Kobbi sagði mér frá kola og ýsu sem gátu ekki losað sig úr neti.

– Æ, það er ekki gott, sagði Þóra.

Vörum okkur á netum, bátum og há-körlum. 





– Er þetta ekki Hákon humar?
sagði Þóra.


Jú, sagði Þóra. Hákon er risa humar
sem étur rosa mikið.

– Komum að róla í þaranum,
sagði Þóra við Þóru.

Hákon humar kom nær og sagði:

– Ég róla ekki í þara, ég þori það ekki.


– Það er rosa gaman að róla í þara,
sagði Þóra.

– Æ, ég sé Láka hákarl, 
sagði Þórir við Þóru og Þuru.
Felum okkur í þaranum.

– Við náum ekki að fela okkur
áður en Láki kemur! sagði Þóra.

– En bíðið við, sagði Þura.

Nú sé ég Kollu sækú og Kobba
koma í áttina til okkar.

Kolla og Kobbi sáu að hákarlinn 
var kominn að Þóru, Þuru og Þóri.



Við hvaða dýr voru börnin hrædd? Hverjir voru vinir þeirra?

Æ, æ, æ. Láki er varasamur.

– Farið, farið í felur, sagði Kolla sækýr.

– Við komum og rekum Láka hákarl,
sagði Kobbi.

Þóra, Þura og Þórir þutu af stað.

Þóra, Þórir og Þura fóru ofar og ofar.

Kolla og Kobbi fóru líka ofar og ofar.

En æ, æ, ó, ó. Þar var net!

Þóra fann að hún var í neti.

Þura! Þórir! Ekki koma nær!





Æ, æ, Þóra var miður sín.

En nú voru Kolla og Kobbi komin
og búin að reka Láka burt.

– Bíðið, sagði Kobbi við Þóri og Þuru.

Bíðið, farið ekki nær netinu.

– Þóra, við komum þér út, sagði Kolla.

Kolla og Kobbi bitu nú gat á netið.

Þá gat Þóra komið út. Úff!

– Úff, sagði Þura.

– Úff, sagði Þórir.

– Takk fyrir að losa mig úr netinu,
sagði Þóra kát við vini sína.

– Já, það var gott að við gátum
náð þér úr netinu, sagði Kolla.
Net eru varasöm.

– Munið bara að fara ekki nærri
netum, sagði Kobbi.

En förum nú í Þarabæ.

Þar eru ekki net. Þar er ró og næði.

Það er gott að búa í Þarabæ.



Notkun

Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrytin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

Parabær

Lestrarbók 12b

ISBN 978-9979-0-2527-6

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve

© Jelena Micic

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

1. útgáfa 2017

önnur prentun 2019

Menntamálastofnun

Kópavogi

Umbrot: Menntamálastofnun

Prentun: Prenttækni ehf. – umhverfisvottuð prentsmiðja



Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir þ og k sérstaklega æfðir.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Jelena Micic.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40268